



Starfsáætlun Hagaskóla

2022-
2023



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Starfsáætlun..... | 4 |
| 1. Inngangur | 4 |
| 2. Stjórnskipulag skólans..... | 5 |
| 2.1. Stjórnendur | 5 |
| 2.2. Stefna skólans | 6 |
| 3. Skólaráð..... | 6 |
| 3.1. Verkefnaskrá skólaráðs | 7 |
| 4. Mannauður | 8 |
| 4.1. Kennrarar..... | 8 |
| 4.2. Starfsfólk sérkennslu og annarrar stoðþjónustu..... | 9 |
| 4.3. Skólaliðar og starfsfólk í eldhúsi..... | 10 |
| 4.4. Mannauðsstefna | 10 |
| 4.5. Fagmennska starfsfólks..... | 12 |
| 4.6. Ábyrgð og skyldur starfsmanna | 12 |
| 4.7. Verksvið starfsmanna..... | 12 |
| 5. Trúnaðarmenn og öryggisverðir | 14 |
| 5.1. Símenntun starfsmanna/starfsþróun..... | 15 |
| 6. Skipulag skólaársins | 16 |
| 6.1. Skóladagatal | 16 |
| 6.2. Skóladagar | 16 |
| 6.3. Vettvangsferðir | 17 |
| 6.4. Viðtalsdagar nemenda, foreldra og umsjónarkennara | 17 |
| 6.5. Skipulag kennslu..... | 17 |
| 6.6. Stundarskrár..... | 18 |
| 6.7. Vikulegur stundafjöldi | 18 |
| 6.8. Stundafjöldi í 8.-10.bekk | 18 |
| 6.9. Samfelld stundaskrá með hléum | 18 |
| 6.10. Sveigjanleiki innan námssviða í samræmi við viðmiðunarstundaskrá (ath!) | 18 |
| 6.11. Valgreinar í 8. – 10. bekk..... | 19 |
| 6.12. Skipulag skólastarfs | 19 |
| 6.13. Nemendur með annað móðurmál en íslensku | 19 |
| 7. Náms- og kennsluáætlanir | 21 |
| 7.1. Stefna skólans í heimanámi | 21 |
| 8. Menntastefna Reykjavíkur | 21 |
| 8.1. Helstu áherslur skólans á þáttum menntastefnu Reykjavíkur | 21 |

| | | |
|-------|--|----|
| 8.2. | Þróunarverkefni skólans tengd menntastefnu Reykjavíkur | 21 |
| 9. | Mat á skólastarfi | 22 |
| 9.1. | Áætlun um innra mat fyrir skólaárið..... | 22 |
| 9.2. | Ytra mat á skólanum | 22 |
| 9.3. | Umbótaáætlanir skólans | 22 |
| 10. | Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf..... | 22 |
| 10.1. | Stefna skóla í foreldrasamstarfi | 23 |
| 10.2. | Foreldrafélag | 23 |
| 10.3. | Nöfn og netföng stjórnar foreldra..... | 23 |
| 10.4. | Kynning, lög og starfsreglur | 23 |
| 10.5. | Verkefnaskrá | 24 |
| 10.6. | Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf | 24 |
| 10.7. | Nöfn og netföng bekkjarfulltrúa | 24 |
| 10.8. | Viðburðir á vegum bekkjarfulltrúa og foreldrafélags..... | 24 |
| 11. | Nemendafélag skóla..... | 24 |
| 11.1. | Stjórn nemendafélagsins veturinn 2022-2023..... | 24 |
| 11.2. | Viðburðir og hefðir í félagsstarfi | 24 |
| 12. | Skólareglur og skólabragur..... | 25 |
| 12.1. | Stefna í agamálum – Leiðréttandi hegðunarkerfi | 25 |
| 12.2. | Skólareglur | 26 |
| 12.3. | Umgengni..... | 27 |
| 12.4. | Stundvísi..... | 27 |
| 12.5. | Ástundun | 27 |
| 12.6. | Viðurlög við brotum á skólareglum..... | 28 |
| 12.7. | Skólabragur | 28 |
| 13. | Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið | 29 |
| 13.1. | Bókasafn og upplýsingaver (ekki starfrækt skólaárið 2022-2023) | 30 |
| 13.2. | Mötuneyti | 30 |
| 14. | Stoðþjónusta | 30 |
| 14.1. | Sjúkrakennsla | 30 |
| 14.2. | Stuðningur í stærðfræði í 9. og 10. bekk..... | 31 |
| 14.3. | Einstaklingsnámskrá/Einstaklingsáætlun | 31 |
| 14.4. | Náms- og starfsráðgjöf..... | 31 |
| 14.5. | Þjónustumiðstöð | 32 |
| 14.6. | Skólaheilsugæsla/viðvera hjúkrunarfræðings..... | 32 |
| 15. | Sérúrræði | 33 |

| | | |
|--------|---|----|
| 15.1. | Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu | 33 |
| 15.2. | Nemendaverndarráð..... | 33 |
| 15.3. | Tilfærsluáætlun | 34 |
| 16. | Tómstundarstarf | 34 |
| 16.1. | Á vegum skóla | 34 |
| 16.2. | Á vegum aðila utan skóla | 34 |
| 17. | Ýmsar áætlanir og reglur..... | 34 |
| 17.1. | Útgefið efni skóla- og frístundasvið | 34 |
| 17.2. | Eineltisáætlun | 34 |
| 17.3. | Símenntunaráætlun | 34 |
| 17.4. | Rýmingaráætlun..... | 35 |
| 17.5. | Viðbraðgðssáætlun Almannavarna | 36 |
| 17.6. | Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi..... | 36 |
| 17.7. | Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa..... | 36 |
| 17.8. | Þróunarverkefni | 36 |
| 17.9. | Umbótaáætlun..... | 36 |
| 17.10. | Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri (vantar tengil) | 36 |
| 17.11. | Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál | 36 |
| 17.12. | Fjölmenningarstefna skóla- og frístundasviðs | 36 |
| 17.13. | Læsisstefna..... | 36 |
| 17.14. | Sjálfsmatsáætlun..... | 37 |
| 17.15. | Starfsmannahandbók..... | 37 |
| 17.16. | Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur | 37 |
| 17.17. | Jafnréttisáætlun (þarfnað endurskoðunar)..... | 37 |
| 17.18. | Forvarnastefna | 37 |
| 17.19. | Áfallaáætlun (þarf að uppfæra upplýsingar á heimasíðu) | 37 |
| 17.20. | Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum | 37 |

Starfsáætlun

1. Inngangur

Hagaskóli er safnskóli á ungingastigi í Vesturbæ Reykjavíkur sem tekur við nemendum úr Granda-, Mela- og Vesturbæjarskóla. Tæplega 600 nemendur stunda nám við skólann skólaárið 2022-2023 í tuttugu og þremur bekkjardeildum. Skólinn hefst kl. 8:30 að morgni og skóladeginum lýkur að jafnaði kl. 15:00. Vegna staðsetningar nemenda í 8. bekk í Korpuskóla og nemenda í 9. bekk í Ármúla leggja skólabílar af stað frá skólanum kl. 08:15.

Áttundu bekkingar sækja sundnámskeið fyrir áramót einn dag í viku og níundu bekkingar eftir áramót og eru þá búin kl. 16:00. Skóladagurinn er samfelldur hjá nemendum ef frá er talin sundkennslan.

Í skólanum er starfrækt mótnueytí en nemendur geta valið að vera í mataráskrift eða koma með nesti að heiman. Keyptur er bakkamatur frá fyrirtækinu Kokkarnir fyrir þá nemendur sem staðsettir eru í Ármúla og frá Skólamat fyrir nemendur í Korpu.

Við skólann starfa riflega 70 starfsmenn sem sinna hinum ýmsu störfum. Kennarar eru sérhæfðir í námsgreinum. Skóliðar sinna sínum störfum. Sérfræðiaðstoð er góð í skólanum en við stoðþjónustu skólans starfa tveir náms- og starfsráðgjafar, sérkennarar, þroskaþjálfi og fleiri sérfræðingar.

Stjórnendateymi skólans fundar tvisvar sinnum í viku og oftar ef þörf krefur. Það er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjórum, mannauðs- og verkefnastjóra og deildarstjóra stoðþjónustu. Einnig fundar stjórnendateymið með umsjónarmanni fasteigna einu sinni í mánuði.

Þá fundar stjórnendateymið einu sinni í viku með teymisstjórum allra árganga. Kennarar við skólann starfa í árgangateymum sem funda einu sinni í viku og einnig tilheyra allir kennarar fagteymum sem funda tvisvar sinnum á önn. Einnig eru sumir kennarar í teymum tengdum þróunarverkefnum.

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal hver grunnskóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þeiri vinnu og skulu þær samdar í samráði við kennara. Starfsáætlun breytist árlega og er meðal annars gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skólans er árlega lögð fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða, fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði ásamt því að gera skólanefnd grein fyrir með hvaða hætti áætlanir hafi staðist.



Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Skólastarf Hagaskóla byggist á Menntastefnu Reykjavíkurborgar – Látum draumana rætast
https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf

Það er von míni að skólanámskrá og starfsáætlun Hagaskóla gefi góða mynd af skipulagi, markmiðum og stefnu skólans og gefi góða mynd af skólastarfinu.

S.Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri

2. Stjórnskipulag skólans



2.1. Stjórnendur

| | | |
|--------------------------|---------------------------|--|
| S.Ingibjörg Jósefsdóttir | skólastjóri | s.ingibjorg.josefsdottir@rvkskolar.is |
| Hildur Einarsdóttir | aðstoðarskólastjóri | hildur.einarsdottir@rvkskolar.is |
| Sigríður N. Heimisdóttir | aðstoðarskólastjóri | sigridur.nanna.heimisdottir@rvkskolar.is |
| Guðrún Inga Tómasdóttir | mannauðs- og verkefnastj. | gudrun.inga.tomasdottir@rvkskolar.is |
| Áslaug Pálsdóttir | deildarstjóri | aslaug.palsdottir@rvkskolar.is |
| Guðjón Borgar Hilmarsson | Umsjónarmaður fasteigna | gudjon.borgar.hilmarsson@rvkskolar.is |

2.2. Stefna skólans

Skólastarf í Hagaskóla byggir á samstarfi nemenda, starfsmanna og foreldra. Nám á sér stað í öllum þáttum skólastarfsins, jafnt í bóklegum greinum, verk-og listgreinum, félagslifi og almennum samskiptum allra í skólasamfélaginu. Skólastarfið byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og lögum og reglugerðum sem snerta skólastarf og stefnu Reykjavíkurborgar.

- Í Hagaskóla afla nemendur sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.
- Skólastarfið leggur grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfar hæfni þeirra til samstarfs við aðra.
- Skólabragurinn stuðlar að því að nemendur tileinki sér gott siðgæði, sýni virðingu og vinnusemi.
- Lögð er áhersla á að hver nemandi njóti alhliða menntunar við sitt hæfi og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga.
- Lögð er áhersla á að þroa fjölbreytta kennsluhætti og námsmat.
- Mótuð sé stefna sem miði að því að námsframvinda hvers nemandra sé í samræmi við getu hans og þroska.

3. Skólaráð

Við Hagaskóla starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur um skólahald. Skólaráð starfar skv. 8. gr. grunnskólalaga nr.91/2008. Þar segir:

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótu sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Nánar er fjallað um hlutverk ráðsins í reglugerð 1157/2008 og þar segir að skólaráð:

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvvarðanir um þær eru teknar.
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- fylgist með öryggi, húsnaði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

- e. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum.
- f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.
- g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ráðið setur sér vinnuáætlun og verkefnaskrá fyrir skólaárið, ákveður hve oft verður fundað, á hvað er lögð áhersla o.s.frv. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á vefsíðu skólans.

(Vantar tengil á heimasíðu)

S. Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri s.ingibjorg.josefsdottir@rvskolar.is

Fulltrúar nemenda:

Anton Haukur Þórlindsson anton.haukur.thorlindsson@rvskolar.is

Vésteinn Gunnarsson vesteinn.gunnarsson@rvskolar.is

Fulltrúar foreldra:

Gróa Helga Eggertsdóttir groahelga@gmail.com

Fulltrúi grenndarsamfélagsins:

Brynja Helgadóttir, forstöðumaður Frostu brynya.helgadottir@reykjavik.is

Fulltrúar kennara:

Jóhanna Sigmundsdóttir johanna.sigmundsdottir@rvskolar.is

Sigurbjörn Már Valdimarsson sigurbjorn.mar.valdimarson@rvskolar.is

Fulltrúi starfsmanna

Ívar Ólafsson ivar.olafsson@rvskolar.is

3.1. Verkefnaskrá skólaráðs

| Mánuður | Verkefni |
|-----------|--|
| September | Hlutverk skólaráðs, lög og reglugerðir Kynning á fulltrúum skólaráðs Kosning fulltrúa grenndarsamfélagsins |
| Október | Starfsáætlun skólaráðs Starfsáætlun Hagaskóla Önnur mál |
| Nóvember | Fundað með nemendafélagi Hagaskóla |

| | |
|----------|--|
| Desember | |
| Janúar | Fundað með nemendafélagi Hagaskóla |
| Febrúar | Fjármál - Rekstraráætlun Starfsþróunaráætlun Önnur mál |
| Mars | Skipulag næsta skólaárs Skóladagatal Valgreinar Önnur mál |
| Apríl | Gengið um skólann og skólalóðina Öryggi-aðbúnaður Önnur mál |
| Maí | Opinn fundur skólaráðs - lokafundur |
| Júní | |

4. Mannauður

Starfsfólk Hagaskóla: <http://hagaskoli.is/skolinn/starfsfolk/>

Í Hagaskóla starfa vel riflega 80 manns við fjölbreytt störf. Fjölmennasti hópurinn eru kennrar. Þá koma leiðbeinendur, skólaliðar, ýmsir sérfræðingar og stjórnendur.

4.1. Kennrar

| Nafn: | Starfsheiti: | Netfang: |
|---------------------------------|--------------------------|--|
| Aðalsteinn Haukstein Oddsson | umsjónarkennari | adalsteinn.haukstein.oddsson@rvkskolar.is |
| Anna Þýri Hálfdanardóttir | leiðbeinandi | anna.thyri.halfdanardottir@rvkskolar.is |
| Arna Sif Ásgeirs dóttir | kennari | arna.sif.asgeirdottir@rvkskolar.is |
| Arnar Pétursson | leiðbeinandi | arnar.petursson@rvkskolar.is |
| Atli Kristinsson | umsjónarkennari | atli.kristinsson@rvkskolar.is |
| Benedikt Hermann Hermannsson | tónlistarkennari (leyfi) | benedikt.hermann.hermannsson@rvkskolar.is |
| Benedikt Páll Jónsson | umsjónarkennari | benedikt.pall.Jonsson@rvkskolar.is |
| Björg Pjetursdóttir | íslenska sem annað mál | bjorg.Pjetursdottir@rvkskolar.is |
| Björk Bryngeirsdóttir | kennari | bjbr01@rvkskolar.is |
| Brynja Emilsdóttir | textílkennari | Brynja.Emilsdottir@rvkskolar.is |
| Drífa Guðmundsdóttir | kennari | drifa.gudmundsdottir@rvkskolar.is |
| Edda Kristín Hauksdóttir | leiðsagnarkennari | edda.kristin.hauksdottir@rvkskolar.is |
| Elín Árnadóttir | kennari | elin.arnadottir2@rvkskolar.is |
| Elín Hulda Harðardóttir | leiðbeinandi | elin.hulda.hardardottir@rvkskolar.is |
| Erla Hrönn Harðardóttir | leiðbeinandi | erla.hronn.hardardottir@rvkskolar.is |
| Elva Traustadóttir | umsjónarkennari | elva.traustadottir@rvkskolar.is |
| Gunnar Vignir Guðmundsson | sundkennari | gunnar.vignir.gudmundsson@rvkskolar.is |
| Gunnar Gunnsteinsson | tónlistarkennari | gunnigg89@gmail.com |
| Hallgerður Gunnarsdóttir | sérkennari | hallgerdur.gunnarsdottir@rvkskolar.is |
| Hanna Þorgerður Vilhjálmsdóttir | umsjónarkennari | hanna.thorgerdur.vilhjalmisdottir@rvkskolar.is |
| Héðinn Árnason | umsjónarkennari | hedinn.arnason@rvkskolar.is |
| Heiðdis Ósk Gunnarsdóttir | leiðbeinandi | heiðdis.osk.gunnarsdottir@rvkskolar.is |
| Hildur Ásgeirsdóttir | umsjónarkennari | hildur.asgeirsdottir@rvkskolar.is |

| | | |
|-----------------------------------|---------------------------|--|
| Hjörný Snorradóttir | myndlistarkennari | hjorny.snorradottir@rvkskolar.is |
| Hrafnhildur Júlia Guðjónsdóttir | leiðbeinandi | rafnhildurjulia.gudjonsdottir@rvkskolar.is |
| Hörður Þórisson | umsjónarkennari | hordur.thorisson@rvkskolar.is |
| Irina Daniela Branco Morais | leiðbeinandi | irina.Daniela.Branco.morais@rvkskolar.is |
| Jakobína Birna Zoega | kennari | jakobina.birna.zoega@rvkskolar.is |
| Iðunn Erla Guðjónsdóttir | leiðbeinandi | idunn.erla.gudjonsdottir@rvkskolar.is |
| Jóhanna Sigmundsdóttir | umsjónarkennari | johanna.sigmundsdottir@rvkskolar.is |
| Karl Sigtryggsson | umsjónarkennari | karl.sigtryggsson1@rvkskolar.is |
| Karólína Jónsdóttir | bókasafnskennari (leyfi) | karolina.jonsdottir@rvkskolar.is |
| Katla Ómarsdóttir | leiðbeinandi | katla.omarsdottir@rvkskolar.is |
| Kjartan Reynir Ólafsson | leiðbeinandi | kjartan.reynir.olafsson@rvkskolar.is |
| Kolbeinn Ari Hauksson | leiðbeinandi | kolbeinn.ari.hauksson@rvkskolar.is |
| Kristín Ýr Lyngdal Sigurðardóttir | kennari | kristin.lyngdal@rvkskolar.is |
| Kristján Arnarsson | kennari og fjármálastjóri | kristjan.arnarsson@rvkskolar.is |
| Margrét Adolfsdóttir | kennari (leyfi) | margret.adolfsdottir@rvkskolar.is |
| Rasmus Steenberg Christiansen | umsjónarkennari | rasmus.steenberg.christiansen@rvkskolar.is |
| Rakel Tanja Bjarnadóttir | smíðakennari | rakel.tanja.bjarnadottir@rvkskolar.is |
| Sandra Óskarsdóttir | umsjónarkennari | sandra.oskarsdottir1@rvkskolar.is |
| Sara Gylfadóttir | íþróttakennari | sara.gylfadottir@rvkskolar.is |
| Sesselja Tómasdóttir | myndmenntakennari | sesselja.tomasdottir@rvkskolar.is |
| Signý Gísladóttir | kennari (leyfi) | signy.gisladottir@rvkskolar.is |
| Sigríður Björnsdóttir | umsjónarkennari | sigridur.bjornsdottir1@rvkskolar.is |
| Sigríður Hafstað | kennari | sigridur.hafstad@rvkskolar.is |
| Sigurbjörn Már Valdimarsson | umsjónarkennari | sigurbjorn.mar.valdimarsson@rvkskolar.is |
| Soffía Thorarensen | ísl. sem a. mál (leyfi) | soffia.thorarensen@reykjavik.is |
| Stein Olav Romslo | kennari | stein.olav.romslo@rvkskolar.is |
| Vilborg Guðrún Sigurðardóttir | umsjónarkennari | vilborg.g.sigurdardottir@rvkskolar.is |
| Þormóður Árni Egilsson | íþróttakennari | thormodur.arni.egilsson@rvkskolar.is |
| Þóranna Dögg Björnsdóttir | tónlistarkennari (leyfi) | thoranna.dogg.bjornsdottir@rvkskolar.is. |
| Þórunn Rakel Gylfadóttir | stundakennari | |

4.2. Starfsfólk sérkennslu og annarrar stoðþjónustu

| Deildarstjóri stoðþjónustu | | Netföng |
|---------------------------------|---------------------------------|---|
| Áslaug Pálsdóttir | | aslaug.palsdottir@rvkskolar.is |
| Náms- og starfsráðgjafar | | |
| Margrét Rósa Haraldsdóttir | viðtalstímar eftir samkomulagi | margret.rosa.haraldsdottir@rvkskolar.is |
| Ingibjörg Pálmadóttir | viðtalstímar eftir samkomulagi | ingibjorg.palmadottir@rvkskolar.is |
| Stoðþjónusta/sérkennsla | starfsheiti | |
| Drífa Skúladóttir | verkefnastjóri | drifa.skuladottir@rvkskolar.is |
| Birta Dagsdóttir | stuðningsfulltrúi m. sérhæfingu | birta.dagsdottir@rvkskolar.is |
| Halldór Falur Halldórsson | stuðningsfulltrúi m. sérhæfingu | halldor.falur.halldorsson@rvkskolar.is |

| | | |
|-------------------------------|-----------------|---------------------------------------|
| Hallgerður Gunnarsdóttir | sérkennari | hallgerdur.gunnarsdottir@rvkskolar.is |
| Iðunn Erla Gunnarsdóttir | leiðbeinandi | idunn.erla.gunnarsdottir@rvkskolar.is |
| Lena Viderö | leiðbeinandi | lena.videro@rvkskolar.is |
| Jakobína Zoega | kennari | jakobina.zoega@rvkskolar.is |
| Íslenska sem annað mál | | |
| Björg Pjetursdóttir | kennari | bjorg.pjeturdottir@rvkskolar.is |
| Margrét Adolfsdóttir | kennari (leyfi) | margret.adolfsdottir@rvkskolar.is |
| Soffía Thorarensen | kennari (leyfi) | soffia.thorarensen@reykjavik.is |
| Stuðningsfulltrúar | | |
| Anna Kolbrún Ólafsdóttir | | annakolbrun7@gmail.com |
| Emilía Sif Sævarsdóttir | | emiliasif1702@gmail.com |
| Ernir Ómarsson | | ernir.omarsson@rvkskolar.is |
| Katrín Teitsdóttir | (leyfi) | katrin.teitsdottir@rvkskolar.is |

4.3. Skólaliðar og starfsfólk í eldhúsi

| Nafn | Starfsheiti | Netfang |
|--------------------------------|----------------------|--|
| Beata Katarzyna Mirzwa | skólaliði | beata.katarzyna.mirzwa@rvkskolar.is |
| Claudia S. Nascimento Da Cruz | skólaliði | claudia.nascimento.dacruz@rvkskolar.is |
| Francisco N. Rossell Garcia | skólaliði | fraciscoujap@gmail.com |
| Hugh O-Bryan Engelhoff | skólaliði | engel.hugh@gmail.com |
| Jarnely Carolina Garcia Perozo | skólaliði | nay2003garcia@gmail.com |
| Marlena Danuta Sidlo | skólaliði | marlena.danuta.sidlo@rvkskolar.is |
| Marta Mirzwa | skólaliði í mótneyti | marta.mirzwa@rvkskolar.is |
| Nuno M. P. Morais Laranjeira | skólaliði | nuno.morais.laranjeira@rvkskolar.is |
| Paula A. Batista Cruz Rochinha | mótneyti starfsmanna | paula.a.batista.cruz.rochinha@rvkskolar.is |

4.4. Mannauðsstefna

Í skólanum vinnur allt starfsfólk að stefnumörkun og forgangsröðun. Lögð er áhersla á uppbyggjandi skólastarf þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir bæði nemendum, foreldrum og starfsfólk. Í skólanum er lögð áhersla á allir nái árangri og til þess eru m.a. notaðir fjölbreyttir kennsluhættir. Lögð er áhersla á fjölbreyttu kennslu list- og verkgreina sem stundum er sambætt öðrum námsgreinum. Allir starfsmenn skólans eiga að njóta sambærilegra tækifæra til starfsþróunar og símenntunar. Allir starfsmenn skulu bera ábyrgð á að skapa andrúmsloft laust við fordóma af hvaða tagi sem er. Virða ber rétt starfsmanna til að tjá sig ekki um persónuleg málefni, s.s. trúarskoðanir, stjórnmálaskoðanir, kynhneigð eða heilsufar. Þess skal gætt við ráðningar, uppsögn og ákvarðanir um kjör starfsmanna skólans, að ómálefnalegum ástæðum sé ekki beitt sem rökum gegn starfsmanni, sbr. grein 1.2 í

starfsmannastefnu borgarinnar. Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana.

Mannauðsstefna Hagaskóla

Markmið mannauðsstefnu Hagaskóla er að skólinn hafi ávallt á að skipa hæfum og áhugasönum starfsmönnum sem sýni frumkvæði í starfi, veiti góða þjónustu og geti brugðist við síbreytilegum þörfum skólasamfélagsins. Mannauðsstefnunni er ætlað að tryggja starfsmönnum ákveðin starfsskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi. Leitast skal við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starf og fjölskyldulíf. Hagaskóli vinnur m.a. samkvæmt jafnréttisstefnu skólans og mannréttinda- og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar.

Leiðarljós

- Virðing fyrir fólk
- Samvinna og sveigjanleiki
- Pekking og frumkvæði
- Þjónustulund

Í þessu felst ...

- að starfsmenn og viðhorf þeirra séu mikils virt .
- að starfsmenn séu hvattir til að móta og bæta skólabraginn.
- að starfað sé í anda jafnræðis og jafnréttis.
- að starfsmönnum sé boðið upp á verkefni þar sem hæfileikar hvers og eins fá notið sín.
- að starfsmönnum sé boðið upp á starfsaðstöðu og þau verkfæri sem nauðsynleg eru.
- að stuðlað sé að því að starfsmenn geti aukið þekkingu sína og starfshæfni.
- að lögð sé áhersla á gæði starfs og hátt þjónustustig.
- að starfsmenn séu upplýstir um hlutverk sitt og ábyrgð.

Þetta gerir þær kröfur til starfsmanna að þeir...

- virði samstarfsmenn sína.
- séu viðbúnir þróun og breytingum og taki þátt í þeim.
- viðhaldi þekkingu sinni og auki við hana.
- sinni starfi sínu af trúmannsku og metnaði.
- sýni ábyrgð.

Starfsmannasamtöl

Starfsmenn eiga rétt á starfsmannasamtölum a.m.k. einu sinni á ári. Tilgangurinn með samtölunum er að tryggja að kröfur og væntingar yfirmanna og starfsmanna séu ljósar og að samráð sé haft um umbætur þar sem þeirra er þörf. Í starfsmannasamtölum fer fram umræða um fræðslubörf og leiðir til úrbóta. Í starfsmannasamtali á starfsmaðurinn að geta rætt líðan sína á vinnustað, frammistöðu og óskir um starfsþróun.

Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar 2018-25 er hér <https://reykjavik.is/mannaudsstefna>

4.5. Fagmennska starfsfólks

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og hlutverk þeirra er margþætt. Starf kennarans snýst ekki aðeins um kennslu heldur einnig stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist því fyrst og fremst á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Menntun, þekking, viðhorf og siðferði kennara leggur grunninn að fagmennsku þeirra. Fagmennska kennara snýr að nemendum, menntun þeirra, líðan og velferð ásamt því að vinna í samstarfi við aðra kennara og starfsmenn af fagmennsku. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að mennta og miðla þekkingu heldur einnig að gefa nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar á eigin spýtur, og skapa jákvætt viðhorf til náms og þekkingarleitar. Kennarar leitast einnig við að skapa góðan og jákvæðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi. Kennarar starfa einnig samkvæmt siðareglum Kennarasambands Íslands og lögum um grunnskóla. Í 12. grein laga um grunnskóla segir:

„Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólk“.

- **Sjá siðareglur kennara frá Kennarasambandi Íslands – [Siðareglur kennara](#)**

4.6. Ábyrgð og skyldur starfsmanna

Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um ábyrgð og skyldur starfsfólks. Í því felst að starfsfólk komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinni þeim af alúð. Þetta gerir starfsfólk með því að ígrunda starfið reglulega, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og sýna þannig stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Mikilvægt er að starfsfólk sýni nærgætni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í hvívetna.

Stjórnendur og starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á að veita sem besta þjónustu og tryggja að markmiðum sé náð. Stjórnendum ber að tileinka sér góða og nútímalega stjórnunarhætti. Þeir felast meðal annars í jákvæðu viðhorfi til samstarfsmanna, virku upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar. Stjórnandi skal jafnan leitast við að hafa samráð við starfsmenn sína um málefni vinnustaðarins og beita sér fyrir víðtækri sátt um þau. Stjórnendur bera ábyrgð á störfum starfsmanna og stjórnendur eiga að vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið.

- **Sjá reglugerð 975/2018 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum – [Reglugerð](#)**

4.7. Verksvið starfsmanna

4.7.1. Skólastjóri

Hlutverk og verkaskipting skólastjórnenda Hagaskóla er samkvæmt skjali sem unnið var í samvinnu SÍ og SNS: <https://www.ki.is/media/24yh4v25/sipdf.pdf>

Grunnskólalög kveða á um skyldur skólastjóra:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forstu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir. Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrrkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðengill skólastjóra sem að jafnaði er aðstoðarskólastjóri.

4.7.2. Aðstoðarskólastjórar og mannauðs- og verkefnastjóri Næsti yfirmaður: Skólastjóri

Tilgangur starfs: Að koma að stjórnun og rekstri skólans. Taka þátt í að þróa skólastarf og önnur störf sem fara fram innan skólans.

Ábyrgðarsvið: Að vera skólastjóra til aðstoðar við almenn stjórnunarstörf þannig að skólastarfið gangi eðlilega fyrir sig. Að sjá um daglega stjórnun skv. skipuriti.

Helstu verkefni:

- Að upplýsingar frá stjórnendum berist örugglega til réttra aðila.
- Agamál
- Bekkjarskipti
- Bókun tónleika, leiksýninga og annarra viðburða
- Daglegur rekstur
- Eru staðgenglar skólastjóra og koma að almennum stjórnunarstörfum eftir þörfum
- Félags- og tómstundastarf
- Framkvæmd mats á skólastarfi
- Framkvæmd námsmats og utanaðkomandi kannanir
- Færa og viðhalda nemenda- og starfsmannaskrá svo hún sé sem réttust á hverjum tíma
- Kennara- og starfsmannafundir
- Málefni nýbúafræðslu
- Móttaka starfsfólks
- Olweus
- Prófahald og próftafla
- Ritstjórн og umsjón með heimasíðu skólans
- Samskipti við KHÍ og móttaka kennaranema
- Samskipti við barnaverndaryfirvöld
- Samskipti við Menntamálastofnun – bókapantanir
- Skipulag starfsdaga
- Starfsmannahandbók
- Stjórnendafundir, nemendaverndarráð, áfallaráð og fagteymisvinna
- Stjórн foreldrafélagsins
- Umsjón með innritun og móttöku
- Umsjón með ráðningarsamningum og vinnuskýrslum
- Umsjón með vinnustund og vinnutímaramma
- Undirbúningur skólastetningar og útskriftar
- Útleiga skólahúsnaðis
- Valgreinar og valbæklingur
- Ýmis tilfallandi verkefni
- Þróunarstarf

4.7.3. Fjármálastjóri Næsti yfirmaður: Skólastjóri

Helstu verkefni: Að halda utan um fjármál skólans

- Sér um fjármál skólans í samráði við skólastjóra

- Kannar réttmæti reikninga yfirfer rétta gjaldaliði og sendir skóla-og frístundasviði Reykjavíkurborgar til greiðslu.

4.7.4. Ritari

Næsti yfirmaður: Skólastjóri

Helstu verkefni: Að veita skrifstofu skólans forstöðu, sjá til þess að gögn varðandi nemendur og bókhald séu skráð og varðveitt. Veita nemendum, foreldrum og starfsfólki venjubundna skrifstofuþjónustu.

Ábyrgðarsvið: Að sjá til þess skrifstofa skólans starfi á fullnægjandi hátt.

Helstu verkefni:

- Móttaka þeirra sem eiga erindi á skrifstofu skólans. Símaþjónusta, póstafgreiðsla, ljósritun. Ber ábyrgð á skjalavistun skólans (geymsla, skipulag, skráning, frágangur fundagerða).
- Almenn skrifstofustörf. Umsjón með skrifstofuvörum skólans, móttaka og birgðahald.
- Verkstjórn við störf á skrifstofu eftir því sem við á.
- Uppgjör mótnæfis starfsmanna og nemenda.

4.7.5. Umsjónarkennari

Í lögum um grunnskóla (nr. 91, 2008) er kveðið á um að hlutverk umsjónarkennara sé að fylgjast náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeina þeim í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla þannig að því að efla samstarf heimila og skóla.

Umsjónarkennari hefur m.a. eftirfarandi hlutverk:

- Leitast við að vera í góðu sambandi við nemendur og foreldra þeirra.
- Er trúnaðarmaður sem nemendur geta leitað til með vandamál sem snúa að náminu, skólanum og öðru. Hann leysir á eigin spýtur smærri vandamál en leitar samráðs um önnur eða kemur þeim í réttan farveg.
- Er talsmaður nemenda við stjórnendur, aðra kennara, starfsmenn og nemendaverndarráð.
- Leitast við skapa góðan bekkjaranda, réttlátar vinnu- og umgengnisreglur og hvetjandi násumuhverfi.
- Fylgist með skólasókn og grípur til aðgerða gerist þess þörf.
- Skipuleggur viðtöl við foreldra á foreldradögum og hefur tiltækar upplýsingar frá öðrum kennurum.
- Hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd bekkjarkvölda, vettvangsferða og annarra viðburða í bekkjarstarfinu í samstarfi við annað starfsfólk skólans og foreldra eftir því sem við á hverju sinni.
- Annast skýrslugerð, einkunnafærslur og afhendingu einkunna.
- Kynnir nemendum skólarreglur og ræðir þær.

5. Trúnaðarmenn og öryggisverðir

Hlutverk trúnaðarmanns er að vera tengiliður milli stéttarfélags og vinnustaðar. Hann er talsmaður stéttarfélagsins á vinnustaðnum og fylgist með því að kjarasamningum sé framfylgt. Starfsmenn geta leitað til trúnaðarmanns með umkvörtunarefni og hann er tengiliður við atvinnuveitanda í þannig málum. Það er einnig hlutverk trúnaðarmanns að kynna nýjum starfsmönnum þeirra réttindi, starfskjör og starfsemi stéttarfélagsins.

Trúnaðarmenn kennara fyrir skólaárið 2022-2023 eru: Vilborg Guðrún Sigurðardóttir og Hörður Þórisson

Trúnaðarmaður starfsmanna fyrir skólaárið 2022-2023 er: Stefán Gunnar Sigurðsson

5.1. Símenntun starfsmanna/starfsþróun

Frumkvæði starfsmanna, metnaður og árvekni í fræðslu og starfsþróun er lykill að árangri. Í skólanum er stefnt að því að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar þar sem markmiðið er að auka þekkingu og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og annari þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Starfsmenn skulu leitast við að laga sig að þeim kröfum, sem starfið gerir til þeirra, svo sem vegna tæknilegrar og faglegrar þróunar og vera reiðubúnir að þjálfa sig til nýrra og breytra verkefna. Starfsþróun er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns og er m.a. sinnt með þátttöku starfsmanns í starfsmannasamtölum, símenntun og samvinnu. Starfsþróun á sér stað þegar starfsmaður tekst á við starf eða ný verkefni, sem gera nýjar kröfur til hans.

5.1.1. Framkvæmd símenntunar/starfsþróunar veturinn 2022-2023:

Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga frá 2008 á hver skóli að frumkvæði skólastjóra að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólaus skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólaus, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennarar og skólastjórar grunnskóla eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína en símenntun starfsmanna telst öll formleg fræðsla eins og nám, námskeið, fræðsluerindi og fræðslufundir. Einnig telst óformleg fræðsla eins og vettvangsferðir, handleiðsla, kynningar á kennarafundum, heimsóknir í kennslustundir hjá samkennurum og skipulagðir lespringir til símenntunar.

Í [kjarasamningi kennara](#) segir m.a. um starfsþróun og starfsþróunaráætlun í kafla 13:

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 (126/102) klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 150 (126/102) klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í two meginþætti:

Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hverjum skóla er skyld að gera starfsþróunaráætlun sem nær að lágmarki til næsta skólaárs og skulu drög að henni kynnt kennurum í síðasta lagi **1. janúar** ár hvert vegna næsta skólaárs.

Ákvörðun um símenntun Hagskóla byggir á stefnu skólaus, áherslum hans og skólastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmenn gera skólastjóra grein fyrir þeim símenntunarþáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og bæta þekkingu sína. Skólastjóri greinir starfsmanni frá þeim markmiðum sem hann vill að starfsmaðurinn nái. Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlunin sé ávallt í endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni. Starfsmenn eru hvattir til þátttöku í fræðslu og námskeiðum. Starfsmenn skrá sjálfir menntun sína á þar til gert eyðublað og skila til skólastjóra að vori. Farið er yfir símenntunaráætlunina með starfsfólki að hausti. Samkvæmt símenntunaráætlun skóla ber starfsmönnum að sækja þau námskeið sem þeim er ætlað að fara á enda sé hún gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamnings.

Helstu áherslur í símenntunaráætlun Hagaskóla 2022 – 2023 er áframhaldandi innleiðing nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar og kennsla í árgangateymum.

6. Skipulag skólaársins

6.1. Skóladagatal

Skóladagatal Hagaskóla 2022 - 2023

| AGUSTÍN | SEPTIMBRIÐ | OCTÓBRIÐ | NOVEMBRIÐ | DECEMBER | JANUAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAY | JUNI |
|--------------------------------|---------------------------------|----------------------------|----------------------------------|-------------------------|--------------------------------|--------------------------------|--------------------------------|--------------------------------|-------------------------|------------------------|
| 1 M Föstudagur verkmenntuna | 1 F Sunnudagur | 1 L Þriðjudagur | 1 Br Mánuðardagur | 1 F Föstudagur | 1 S Þjórnardagur | 1 M Mánuðardagur | 1 M Mánuðardagur | 1 L Þriðjudagur | 1 M Föstudagur | 1 F Sunnudagur |
| 2 H | 2 F | 2 S | 2 M Gott mælt | 2 F | 2 M Gott mælt | 2 M | 2 F Áföstudagur | 2 S | 2 M Gott mælt | 2 F |
| 3 M | 3 L | 3 M | 3 F | 3 L | 3 H Þurðdagur | 3 F | 3 F | 3 M | 3 M | 3 L |
| 4 F | 4 B | 4 H | 4 F | 4 S | 4 M | 4 L | 4 L | 4 B | 4 F | 4 S Símannatuguminn |
| 5 F | 5 M | 5 A | 5 L | 5 M | 5 F | 5 S | 5 S | 5 M | 5 F | 5 M |
| 6 L | 6 B | 6 F | 6 S | 6 B | 6 F Föstudagur | 6 M | 6 F Föstudagur | 6 L | 6 B | 6 B |
| 7 S | 7 M | 7 F | 7 M | 7 L | 7 M | 7 B | 7 F Þöldudagurinn langi | 7 S | 7 M Síkrilett | 7 M |
| 8 M | 8 F Dagur leikas | 8 L | 8 M Þaðstundagur megin vœlur | 8 F | 8 S | 8 M | 8 L | 8 M | 8 F Þarfedagur | 8 F Þarfedagur |
| 9 B | 9 F | 9 S | 9 M | 9 F | 9 M | 9 F | 9 F | 9 B | 9 B | 9 B |
| 10 M | 10 L | 10 M | 10 F | 10 L | 10 H Dagur leikas táknumina | 10 F | 10 F | 10 M Dagur leikas táknumina | 10 M | 10 L |
| 11 F | 11 S | 11 B | 11 F | 11 S | 11 M | 11 L Dagur leikas táknumina | 11 L | 11 B Þurðdagur | 11 F | 11 S |
| 12 F | 12 M | 12 M | 12 L | 12 M | 12 F | 12 S | 12 M | 12 F | 12 M Þarfedagur | 12 M |
| 13 L | 13 B | 13 F | 13 G | 13 H | 13 F | 13 M | 13 F | 13 L | 13 B | 13 B |
| 14 S | 14 M | 14 F | 14 M | 14 M | 14 L | 14 B | 14 B Dagur meðalhverfunar | 14 F | 14 S | 14 M |
| 15 H Þurðdagur | 15 F | 15 L | 15 H | 15 F | 15 S | 15 M | 15 L | 15 M | 15 F | 15 F |
| 16 H Þurðdagur | 16 F Dagur skólaársins fyrri | 16 S | 16 M Dagur leikas tágus | 16 F | 16 M | 16 F | 16 S | 16 B | 16 F | 16 F |
| 17 M Þurðdagur | 17 L | 17 M | 17 F Þurðdagur | 17 L | 17 H | 17 F | 17 M | 17 M | 17 L þjórveldagurinn | 17 L |
| 18 F Þurðdagur | 18 S | 18 B | 18 F | 18 S | 18 M | 18 L | 18 B | 18 F þoppríppardagur | 18 S | 18 S |
| 19 F Þurðdagur | 19 M | 19 M | 19 L | 19 M Mánuðardagurinn | 19 F | 19 S Kvölddagur | 19 S | 19 F | 19 M | 19 M |
| 20 L | 20 B | 20 F | 20 B Dagur meðalhverfis braða | 20 B | 20 F Þöldudagur | 20 M | 20 F þjórveldagurinn fyrsti | 20 L | 20 B | 20 B |
| 21 S | 21 M | 21 F Þurðdagur | 21 M | 21 M | 21 L | 21 B Göngudagur | 21 B | 21 F | 21 S | 21 M |
| 22 M Mánuðardagur | 22 F | 22 L Innsti vestradagur | 22 B | 22 F | 22 S | 22 M Dagur leikas | 22 M | 22 L | 22 M Mánuðardagur | 22 F |
| 23 B | 23 F | 23 S | 23 M | 23 F Þurðdagur | 23 M | 23 P Föstudagur | 23 P | 23 B Hálfmánuð | 23 F | 23 F |
| 24 M | 24 L | 24 M Þurðdagur | 24 F | 24 S | 24 L Athugiðdagur ein | 24 Br Þurðdagur | 24 F | 24 M Hálfmánuð | 24 L | 24 L |
| 25 S | 25 B | 25 F Þurðdagur | 25 F | 25 S | 25 B Þurðdagur | 25 M Vítvöldagur | 25 L | 25 B Umhréfðdagur | 25 F | 25 S |
| 26 F | 26 M þjórveldagurinn | 26 M | 26 L | 26 M Annr i þáum | 26 F Vítvöldagur | 26 S | 26 M | 26 F Þarfedagur | 26 M | 26 M |
| 27 L | 27 B | 27 F | 27 G | 27 H | 27 F | 27 M | 27 M | 27 L | 27 B | 27 B |
| 28 S | 28 M | 28 F | 28 M | 28 M | 28 L | 28 B | 28 B | 28 F | 28 S þjórveldagur | 28 M |
| 29 M | 29 F | 29 L | 29 H | 29 F | 29 S | 29 M | 29 L | 29 M Dagur Húsavíku | 29 F | 29 F |
| 30 B | 30 F | 30 S | 30 M | 30 F | 30 M | 30 B | 30 B | 30 B | 30 F | 30 F |
| 31 M | | 31 M | | | 31 H | 31 F | | 31 M | | |
| | 8 | 22 | 10 | 22 | 13 | 19 | 23 | 12 | 10 | 3 |
| 8 starfsdagar | | | 1 skertur dagur | 1 skertur dagur | 1 skertur dagur | 2 skerfdagar | 1 skerfdagar | 1 starfslagur | 1 skertur dagur | 3 starfslagur |

https://hagaskoli.is/wp-content/uploads/2022/09/Skoladagatal_2022-2023.pdf

Skóladagatalið sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí. **Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.**

6.2. Skóladagar

Lögum samkvæmt á skólaárið að telja 180 nemendadaga. Þar af eru svokallaðir sveigjanlegir eða skertir skóladagar túl talsins. Þeir geta verið óhefðbundnir og jafnvel styttri en venjulegir skóladagar ef svo ber undir. Skóladagar eru 180 á um níu mánuðum. Þar af geta verið 10 dagar með skertri/sveigjanlegri kennslu en þá daga eru nemendur ekki fullan skóladag í skólanum.

6.2.1. Kennsludagar

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- 1.480 mínútur í 8.–10. bekk
- Kennslustundir í Hagaskóla eru 60 mínútur auch þess eru lesstundir og umsjón (LesUm) 20 mínútur í upphafi hvers skóladags.

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Kennslustundafjöldi nemenda ef kennslustund er 40 mínútur:

- 8. – 10. bekk er hann 37 stundir á viku

6.2.2. Prófadagar 2023

- 22. maí (hálfur dagur)
- 23. maí
- 24. maí
- 25. maí

6.3. Vettvangsferðir

Ef ferðir eru farnar á skólatíma og þær skipulagðar af skólanum eru þær nemendum að kostnaðarlausu.

Vísað er til 33. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, varðandi gjaldtöku vegna vettvangsferða, en þar segir:

„Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda.“

Komist nemandi af einhverri ástæðu ekki með í skipulagðar vettvangs- eða nemendaferðir er honum ætlað að mæta í skólann til annars skólastarfs. Ávallt skal gera ráðstafanir til þess að nemandi sem ekki kemst í ferðir fái umönnun eða kennslu á meðan á ferðinni stendur og tilkynna foreldrum/forráðamönnum ástæður og tilhögun. Ef ferðalag á vegum skólans stendur yfir nótt þarf skriflegt leyfi foreldra/forráðamanna. Um reglur í ferðum á vegum skólans er fjallað í skólareglum. Ferðir sem skipulagðar eru af foreldrum og foreldrafélagi eru ekki greiddar af skólanum. Í skólaferðum gilda skólareglur.

6.4. Viðtalsdagar nemenda, foreldra og umsjónarkennara

Leiðarljós foreldraviðtala er að foreldrar og kennari eru teymi sem vinna að velferð barnsins. Áhrif foreldra á nám og líðan barna eru óumdeild og foreldraviðtöl eiga að tryggja að allir foreldrar eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna. Nemendur læra að taka ábyrgð á eigin námi með því að skipuleggja það í samráði við kennara og foreldra.

Nemendur og foreldrar verða boðaðir í viðtal til umsjónarkennara dagana 12. október 2022 og 25. og 26. janúar 2023. Markmiðið með viðtolunum er fyrst og fremst að skapa vettvang fyrir nemendur, foreldra og kennara til að ræða námslega og félagslega stöðu nemenda. Mikilvægt er að hvetja nemendur til þess að setja sér raunhæf markmið og leita leiða til þess að koma sem best til móts við ólíkar þarfir þeirra á faglegan hátt.

6.5. Skipulag kennslu

Í skólanum er áhersla lögð á einstaklingsmiðun í kennslu og námi nemenda. Kennslan miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Kennslan hjálpar nemendum að tileinka sér þekkingu, skilning og færni á tilteknum sviðum.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennsluaðferðir og vinnubrögð taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda.

Allt starf skólans byggir á áherslum í [aðalnámskrá grunnskóla](#) og [menntastefnu Reykjavíkur](#).

6.6. Stundarskrár

Allar stundarskrár nemenda er hægt að sjá á vefnum á slóð Mentor: <https://www.infomentor.is/>

Starfsáætlun nemenda tekur mið að skóladagatali Hagaskóla.

6.7. Vikulegur stundafjöldi

Vikulegur stundafjöldi eru 37 kennslustundir en samkvæmt lögum telst kennslustund vera 40 mínútur. Skólar hafa frelsi til að ákvarða lengd hverrar kennslustundar eða lotu. Í Hagaskóla er hver kennslustund 60 mínútur að lengd með þeim undantekningum að þrisvar í viku er 20 mínútna lesstund fyrir framan kennslustund. Tvisvar í viku fylgir 60 mínútna kennslustund í kjölfarið en einu sinni í viku er 40 mínútna umsjónartími.

6.8. Stundafjöldi í 8.-10.bekk

Aðalnámskrá grunnskóla setur fram viðmiðunarstundaskrá. Vikulegur kennslutími í 8. – 10. bekk eru 1480 mínútur í hverjum árgangi, eða samtals 4440 mínútur fyrir þessi þrjú ár. Kennslustundir í Hagaskóla eru 60 mínútur, nema lesstundir sem eru 20 mínútur, 4 sinnum í viku í 8. og 9. bekk og fimm sinnum í viku í 10. bekk.

6.9. Samfelld stundaskrá með hléum

Kennsla hefst klukkan 8:30 á morgnana og stendur lengst til kl.14:55. Klukkan 9:30 er 20 mínútna hlé samtímis fyrir alla nemendur. Allir nemendur fá 30 mínútna hádegishlé . Önnur hlé eru styttri en tvö til þrjú 5 mínútnahlé eru auk þess yfir skóladaginn. Kennt er í 60 mínútna lotum. Stundaskrár allra nemenda eru samfelldar.

6.10. Sveigjanleiki innan námssviða í samræmi við viðmiðunarstundaskrá (ath!)

Taflan hér að neðan sýnir fjölda mínútna í hverri grein í 8. - 10. bekk samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár og útfærslu hennar í Hagaskóla. *Upplýsingatækni kemur fyrir í öðrum námgreinum en er ekki kennd sem sérstök námsgrein nema að hluta til í 8. bekk.

| | Viðmiðunarstundaskrá samkv. aðalnámskrá | Viðmiðunarstundaskrá Hagaskóli |
|---|---|--------------------------------|
| Íslenska og íslenska sem annað tungumál | 630 | 660 |
| Stærðfræði | 600 | 660 |
| Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál | 840 | 840 |
| Náttúrugreinar | 360 | 360 |
| Samfélagsgreinar | 360 | 360 |
| Skólaíþróttir | 360 | 360 |
| List- og verkgreinar | 340 | 360 |
| Upplýsingatækni*, læsi og námsráðgjöf | 80 | 60 |
| Val | 870 | 480 og val utan skóla |
| Lesstund | 0 | 180 |
| Umsjónartími | 0 | 120 |
| Samtals | 4440 | 4440 |

6.11. Valgreinar í 8. – 10. bekk

Töluvert minna framboð er af valgreinum fyrir nemendur í 9. og 10. bekk á skólaárinu 2022-2023 vegna ytri aðstæðna. Allar upplýsingar um valgreinar er að finna í valbæklingi sem birtur er á vef skólans og val fer fram að vori.

6.12. Skipulag skólastarfs

Við skipulag náms og kennslu í skólanum er nemandinn ávallt í öndvegi þar sem megináherslan er lögð á vellíðan og vandaða fræðslu. Nauðsynlegt er að þetta tvennt fari saman enda á hvorugt að geta verið án hins í þróttmiklu grunnskólastarfi. Fjölbreytni námsgreina er mikil og áhersla á að hver og einn fái notið sín og ræktað hæfileika sína.

Í Hagaskóla eru kennarateymi í öllum árgöngum. Kennrarar leita leiða til að vinna saman að fjölbreyttum verkefnum og samþættingu námsgreina.

Áhersla er lögð á bóklega faggreinakennslu og samvinnu fagkennara bæði innan árganga sem og þvert á árganga.

Mikið er lagt upp úr hreyfingu og heilbrigðum lífsháttum í skólanum. Allir nemendur sækja íþróttir og sundkennsla er hálfan veturinn í 8. og 9. bekk.

Nemendur í 9. – 10. bekk velja sér tvær til þrjár kennslustundir í viku.

Samkvæmt grunnskólalögum (26. grein nr. 91 frá 12. júní 2008) er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi sílkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skyld að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

Nemendum í 10. bekk býðst að stunda nám í framhaldsskólaáfanga í *stærðfræði*.

6.13. Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Þegar nemendur erlendis frá hefja nám við skólann fer fram móttökuvíðtal. Móttökuvíðtalið sitja foreldrar, nemandi, túlkur, skólastjórnandi, fulltrúi frá þjónustumiðstöð, fulltrúi frá frístundamiðstöð og aðrir þeir sem nauðsyn er talin á að sitji viðtalið. Afar mikilvægt er að foreldrar sitji viðtalið en ekki skyldmenni eða vinir og að fenginn sé túlkur í öll viðtöl. Útskýrt er í viðtalinu hvernig fyrirkomulag þjónustunnar við nemandann er fyrstu vikurnar í skólanum þar með talið starf félagsmiðstöðvarinnar.

6.13.1. Móttokuáætlun

Hér er endurskoðuð áætlun um móttoku barna með annað móðurmál en íslensku í grunnskóla og frístundastarf á vegum Reykjavíkurborgar. Áætlunin er sett fram í stíklutexta sem merkir að nánari skýringar er að finna þegar smellt er á feitletruðu orðin í textanum.

<http://reykjavik.is/mottokuaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Hagaskóli starfar eftir móttokuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna þar sem áhersla er lögð á gagnkvæma félagslega aðlögun og kennslu í íslensku sem öðru máli. Áhersla er lögð á að nemendur viðhaldi móðurmáli sínu og fái tækifæri til að nota það við nám sitt. Þá stendur nemendum af erlendum uppruna til boða að fá aðstoð við heimanám í hinum ýmsu greinum. Í Hagaskóla er lögð

áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum. Mikilvægt er að nemandinn og foreldrar hans fái strax í upphafi jákvæða mynd af skólanum og að foreldrum og nemendum finnist þeir velkomnir í skólann.

6.13.2. Móttökuáætlun

1. Innritunarblað afhent sem foreldrar fylla út í skólanum eða heima. Tími ákveðinn fyrir móttökuviðtal þar sem foreldrar og nemendur mæta ásamt túlki ef þörf krefur. Skólinn sér um að panta túlk. Reiknað er með að viðtalið standi í eina til tvær klst. Foreldrar eru beðnir um að hafa meðferðis heilsufarsupplýsingar og einkunnir frá fyrri skóla í viðtalið.
2. Deildarstjóri nemendaþjónustu velur bekk fyrir nemandann. Umsjónarkennara tilkynnt um væntanlegan nemanda, hvaðan hann er og hvenær móttökuviðtal fer fram. Öðrum kennurum sem kenna bekknum tilkynnt um væntanlegan nemanda. Umsjónarkennari undirbýr bekinn fyrir komu nýs nemanda.
3. Gögn sem gott er að hafa með í viðtalið eru t.d. skóladagatal, upplýsingar um mótneyti, ásamt upplýsingum um félagsstarf í skólanum og í hverfinu.
4. Í móttökuviðtali sitja foreldrar, nemandi, túlkur (ef þörf krefur), deildarstjóri stoðþjónustu, sérkennari, kennari í íslensku sem öðru máli ásamt umsjónarkennara.

Í viðtalini:

- eru fengnar bakgrunnsupplýsingar um nemandann s.s. fjölskylduhagi, tungumál talað/töluð heima, fyrri skólagöngu, helstu styrkleika/veikleika nemandans og helstu áhugamál.
 - er stundaskrá nemandans útskýrð.
 - eru reglur um íþróttir og sund útskýrðar.
 - er farið yfir þau skólagögn sem nemandinn fær.
 - er farið yfir skóladagatal.
 - eru símanúmer skólans, vefur og skráningarkerfi Mentor kynnt.
 - er farið yfir skólareglur og mætingaskyldu.
 - er farið yfir fyrirkomulag mótneytis og fyrirkomulag greiðslu fyrir þjónustu þess.
 - er farið í kynningarferð um skólann þar sem helstu svæði eru sínd.
 - er bekkur nemandans heimsóttur og hann kynntur fyrir bekknum.
-
5. Kennari í tungumálaveri útbýr einstaklingsstundaskrá í samvinnu við umsjónarkennara þar sem ákveðið er hvenær nemendinn er með bekknum og hvenær hann er í tungumálaveri.
 6. Áhersla er lögð á gagnkvæma félagslega aðlögun og kennslu í íslensku sem öðru máli. Mikilvægt er að nemendur viðhaldi móðurmáli sínu og fái tækifæri til að nota það við nám sitt.
 7. Reiknað er með að eftir eina önn sé nemandinn sem mest með bekknum sínum. Hann mun þó stunda nám í íslensku sem öðru máli í stað íslensku sem móðurmáls og að auki mun honum standa til boða sú aðstoð sem hann þarfast.

6.13.3. Íslenska sem annað mál

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við nemendur af íslenskum sem erlendum uppruna. Námsgreinin íslenska sem annað mál nær til allra námsgreina. Nemendurnir geta hafið nám í íslenskum skólum á hvaða námsstigi sem er og með mismunandi íslenskukunnáttu og menntunarbakgrunn. Í kennslunni er lögð áhersla á talmál, skilning, hlustun, lestur, ritun, menningarfærni, skólamál og námsfærni. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og tekið er mið af aldri og stöðu nemendanna hverju sinni.

Nemendum með annað móðurál en íslensku stendur til boða nám í íslensku sem öðru máli. Einn kennari er í fullu starfi og tveir í hlutastarfi við þessa kennslu og skipuleggja nám þessara nemenda í samræmi við þarfir og getu hvers og eins. Markmið kennslunnar er að nemandi verði fær um að nota íslenskt mál og menningarfærni sér til framdráttar í samskiptum og sem grunn undir frekara nám og:

- Noti íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og skilji aðra
- Noti íslensku til að taka þátt í samræðum og leikjum og taka tillit til viðmælenda
- Hafi þroskað með sér menningarfærni sem auðveldar samskipti við önnur börn og fullorðna
- Geti leikið sér með málid og prófað tilgátur um mál og málnotkun
- Geti lesið einfalda texta sér til gagns og ánægju og tjáð sig um þá í töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenskar málvenjur, aldur og þroska

7. Náms- og kennsluáætlanir

Sjá náms- og kennsluáætlanir á vef skólans:

<https://hagaskoli.is/just-nam-kennsla/nams-kennsluaetlanir/>

7.1. Stefna skólans í heimanámi

Stefnan er að börnin vinni flest verkefni í skólanum en á undanförnum árum hefur smáum saman dregið úr heimanámi. Ástæðan er að mörg börn stunda tómstundir utan skólans, s.s. ýmiss konar listnám og æfa íþróttir. Engu að síður geta nemendur þurft að sinna heimanámi og undirbúa sig fyrir próf og skal það þá skráð í Mentor af viðkomandi kennara.

8. Menntastefna Reykjavíkur

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og núgildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

8.1. Helstu áherslur skólans á þáttum menntastefnu Reykjavíkur

Hagaskóli leggur áherslu á að grundvallarþættirnir fimm séu sýnilegir í öllu skólastarfi en þeir eru félagsfærni, sjálfsþekking, læsi, sköpun og heilbrigði.

8.2. Þróunarverkefni skólans tengd menntastefnu Reykjavíkur

Hagaskóli er Réttindaskóli UNICEF. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækja með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendor Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna.

Allir með er valnámskeið sem kennt er fjórða árið í röð og hlaut styrk frá Reykjavíkurborg. Markmiðið er einkum að rjúfa félagslega einangrun nemenda af erlendum uppruna á markvissan hátt og veita þeim stuðning í námi og félagslifi.

Annað markmið er að gefa íslenskum nemendum tækifæri til að kynnast erlendum sammendum sínum og stuðla þannig að samfélagslegri þáttöku þeirra og vellíðan í skólanum.

Verkefnið endurspeglar meginmarkmið menntastefnu Reykjavíkurborgar: „...að nemendur vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytilegu mannlífi.“

Enn fremur er markmiðið að þjálfa nemendur í lýðræðislegum aðferðum og auka sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum. Áviningur ætti að verða aukin samskipti, skilningur, vinátta og virðing milli nemenda af ólíkum uppruna.

9. Mat á skólastarfi

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þáttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skólinn á samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá árinu 2008 að framkvæma mat á skólastarfinu árlega og eiga skýrslur og áætlanir um umbætur þess efnis að vera birtar opinberlega.

Hér má sjá almennar upplýsingar um ytra mat í grunnskólum Reykjavíkur ásamt matsskýrslum.

9.1. Áætlun um innra mat fyrir skólaárið

Unnið er að innra mati skv. þriggja ára áætlun sem lögð var fram í september 2018. Matinu var frestað óákveðinn tíma vegna Covid 19 og hefur enn ekki verið sett á dagskrá aftur .

9.2. Ytra mat á skólanum

Heildarmat fyrir Hagaskóla var síðast unnið árið 2011 og er skýrsla um það mat aðgengileg á vef skólans.

Ytra mati á vegum Skóla- og frístundasviðs hefur ítrekað verið frestað vegna óviðráðanlegra ástæðna.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefild_efni/hagaskoli-skyrsla.pdf

9.3. Umbótaáætlanir skólans

Umbótaáætlun verður unnin samhliða innra mati. Ráðgert var að innra mat færi fram skólaárið 2019 – 2020 en vegna Covid-19 var því frestað um óákveðinn tíma.

10. Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Nemandinn öðlast aukið öryggi við að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu sem og samræmi í gildum og væntingum heima fyrir og í skólanum.

Foreldrar geta leitað stuðnings hjá þjónustumiðstöðvum við lausn mála sem tengjast skólastarfi, en þar starfa meðal annarra kennsluráðgjafar og sálfræðingar. Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

Heimili og skóli hafa gefið út handbækur fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er lýst starfi foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða.

Hér getur þú [nálgast Handbók foreldrafélaga grunnskóla](#) sem pdf skjal.

10.1. Stefna skóla í foreldrasamstarfi

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla og er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Þennan þátt þarf að rækta enda þekkja foreldrar börnin sín best og því er nauðsynlegt að þeir hafi samband við kennara og skólastjórnendur hvenær sem þeir telja þörf á og á sama hátt mun skólinn hafa samband ef þurfa þykir. Við megum aldrei gleyma því að foreldrar eru sterkasti mótnaraðili barnanna og hafa ótvírað áhrif á hvernig börnin upplifa skólagöngu sína. Því skiptir þátttaka þeirra í námi barnanna verulegu máli. Jákvætt viðhorf er okkur öllum ákaflega mikilvægt. Rannsóknir sýna að nemendur sem alast upp við jákvæðari viðhorf til tilverunnar en þeir sem búa við neikvætt viðhorf til skólans. Með þessu er ekki verið að segja að foreldrar eigi að sleppa allri gagnrýni, þvert á móti, þeir eiga að skipta sér af og tala þá beint við starfsfólk skólans. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín til dáða og sýni viðfangsefnum þeirra áhuga. Þá er einnig mikilvægt að þeir kenni börnum sínum að sýna kurteisi í garð annarra og koma heiðarlega fram.

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar eru fjölbættar upplýsingar um markmið og tilgang foreldrasamstarfs í grunnskólum, sjá [hér](#).

10.2. Foreldrafélag

Í Hagaskóla er starfandi foreldrafélag líkt og grunnskólalög segja til um. [samkvæmt 9. gr. laga um grunnskóla, 91/2008](#)

Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Stjórn foreldrafélags Hagaskóla er jafnan kosin á aðalfundi þess í upphafi skólaárs. Stjórn foreldrafélags sér m.a. um að velja fulltrúa í skólaráð. Foreldrafélagið hefur margvíslegt hlutverk t.d. að bjóða upp á fræðslu fyrir foreldra í skólanum, undirbúa vorferð 10. bekkjar og fleira.

Í [aðalnámskrá grunnskóla](#) **kafla 14.2** má sjá frekari upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldrafélaga.

10.3. Nöfn og netföng stjórnar foreldra

formaður: Vífill Harðarson vifill@juris.is

Ritari: Gróa Helga Ásgeirs dóttir gorahelga@gmail.is

Meðstj. Guðný Arndís Óskarsdóttir oskarsdottirtextil@gmail.com

Meðstj. Heiðrún Arna Friðriksdóttir heidrunarnaf@gmail.com

Meðstj. Rannveig Jónsdóttir gagga@7g.is

Upplýsingar um skipan stjórnar er að finna á vef skólans.

<http://hagaskoli.is/foreldrar/foreldrafelagid-2/>

10.4. Kynning, lög og starfsreglur

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

10.5. Verkefnaskrá

Foreldrafélagið hefur að jafnaði verkefnaskrá yfir skólaárið en meðal þeirra verkefna sem félagið tekur að sér er skipulag og framkvæmd foreldrarölt, skipulag og framkvæmd vorferðar 10. bekkjar og ýmis önnur verkefni.

10.6. Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf

Á kynningarfundu að hausti eru valdir tveir eða fleiri bekkjarfulltrúar foreldra í hverjum bekk.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda utan um og koma að skipulagningu bekkjarstarfs með það að markmiði að styrkja samskipti og vináttu innan bekkjardeilda ásamt því að styrkja samband á milli foreldra í hópnum. Bekkjarfulltrúar og umsjónarkennrar eru í virku og góðu sambandi. Upplýsingar um starfandi bekkjarfulltrúa má finna á vef skólans: <http://hagaskoli.is/foreldrar/bekkjarfulltruar-2/>

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að vera tengiliðir og verkstjórar, þeir:

- taka þátt í starfi foreldrafélagsins og virkja aðra foreldra til samstarfs
- skipuleggja bekkjarskemmtun utan skólatíma til að nemendur og foreldrar hittist
- skapa vettvang fyrir foreldra til að hittast og kynnast
- mæta á aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn er í byrjun skólaárs

10.7. Nöfn og netföng bekkjarfulltrúa

Bekkjarfulltrúar skólaárið 2022 -2023: <http://hagaskoli.is/foreldrar/bekkjarfulltruar-2/>

10.8. Viðburðir á vegum bekkjarfulltrúa og foreldrafélags

Hlutverk bekkjarfulltrúa snýr aðallega að bekkjarstarfi eins og t.d. bekkjarskemmtunum, ferðum og þess háttar viðburðum sem bekkir velja að gera í sameiningu. Markmið með öflugu bekkjarstarfi er að hrísta hópinn saman og efla tengslin. Hlutverk foreldrafélagsins snýr að starfi fyrir hönd skólans. Meðal þess sem foreldrafélagið hefur séð um að skipuleggja eru fræðslufundir fyrir foreldra og vorferð 10.bekkjar.

11. Nemendafélag skóla

Í lögum um grunnskóla, [91/2008](#), segir í 10. gr. um starfsemi nemendafélaga við grunnskóla:

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmunu- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

11.1. Stjórn nemendafélagsins veturn 2022-2023

Upplýsingar um stjórn nemendafélagsins og nemendafulltrúa má finna á heimsíðu skólans.

Sjá: <http://hagaskoli.is/nemendur-3/nemendarad/>

11.2. Viðburðir og hefðir í félagsstarfi

Helstu viðburðir og hefðir í skólastarfi Hagaskóla eru dansleikir, góðgerðadagurinn Gott mál, þátttaka í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanna, Skólahreysti, Hagó-Való dagurinn, skipulagðar ræðu- og spurningakeppnir svo eitthvað sé nefnt.

Hefð er komin á að nemendafulltrúar úr röðum 10. bekkinga séu valdir. Til þeirra geta aðrir nemendur skólans leitað með ýmis málefni er varða samskipti eða annað sem þeim liggar á hjarta.

Þetta er hluti af þróunarverkefninu Vinátta, virðing og jafnrétti. Hlutverk nemendafulltrúa er að vera öðrum nemendum góðar fyrirmyn dir, taka þátt í jafningjafræðslu og vera í forsvari fyrir verkefni á borð við góðgerðardaginn og vinbekkjassamveru. Upplýsingar um starfandi nemendafulltrúa hefur verið hægt að nálgast á vef skólans en eins og margt annað hefur ekki náðst að velja þá fyrir þetta skólaár enda forsendur fyrir þessu verkefni brostnar vegna aðskilnaðar árganga.

12. Skólareglur og skólabragur


Í aðalnámskrá grunnskóla segir í kaflanum um skólabrag að nemendur þurfa að tileinka sér í daglegu lífi ýmsa þætti til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi þ.á.m. samskiptahæfni, virðingu, umburðarlyndi auk skilnings á uppbyggingu lýðræðislegs þjóðfélags. Nemendur þurfa að læra að umgangast hvern annan og allt starfsfólk skóla í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skólareglur. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólk skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi.

12.1. Stefna í agamálum – Leiðréttandi hegðunarkerfi

Markmiðið með þessari stefnu og ferli er tvíþætt:

- að fylgjast með öllum og hjálpa þeim sem hegða sér illa að öðlast betri líðan og þar með árangri í samskiptum og námi.
- að samræma vinnubrögð skólans og skýra hlutverk hvers og eins starfsmanns og ferlið í heild

Sjá ferli um leiðréttandi hegðun:



12.2. Skólareglur

Grundvöllurinn að góðu skólastarfi er sá að hver og einn virði náunga sinn sem og sjálfan sig. Mikilvægt er að allir í skólastarfini hafi tækifæri til að stunda vinnu sína án truflunar og áreitis annarra. Starfsmenn, nemendur og foreldrar skulu kynna sér skólareglur skólans en ítarlegar upplýsingar um skólareglurnar má sjá á heimasíðu. Skólareglur skólans eru endurskoðaðar á hverju ári. Þær eru kynntar foreldrum á kynningarfundum ásamt því að umsjónarkennarar fara yfir þær með nemendum sínum við upphaf skólaárs.

Skólareglur eru unnar með hliðsjón af og í samræmi við [14. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008](#) og [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólam og verklagsreglur Reykjavíkurborgar um þjónustu við grunnskólanema með fjölbættan vanda

Skólareglur Hagaskóla eru sem hér segir:

1. Við berum ábyrgð á eigin hegðun og framkomu

Í Hagaskóla njótum við frelsis til athafna sem ekki skaða okkur sjálf né samferðamenn okkar. Við temjum okkur ábyrgðarfulla hegðun þar sem við rækjum skyldur okkar og temjum okkur sjálfsstjórn.

2. Við sýnum öllum virðingu og virðum okkar mörk og annarra

Samskipti í skólanum skulu byggjast á vináttu, virðingu og jafnrétti. Við sýnum öðrum samkennd og umburðarlyndi og tökum tillit til allra.

3. Við göngum snyrtilega um og berum virðingu fyrir umhverfi okkar

Við neytum matar og drykkjar aðeins í matsal eða á þar til gerðum svæðum. Við göngum frá matarleifum, umbúðum og öðru rusli á viðeigandi hátt. Matur og drykkur er ekki leyfður í kennslustofum.

4. Við mætum stundvíslega í skólann og stundum nám af kappi

Ein meginforsenda árangurs í námi er áhugi og ástundun. Góð ástundun er ávísun á að nemandi nái sínu besta úr skólagöngu sinni. Stundvísí er dyggð sem leiðir til farsældar í námi og starfi.

5. Við lifum heilbrigðu lífi

Hagaskóli er heilsueflandi skóli sem styður nemendur til heilbrigðra lífs- og neysluháttta. Við berum ábyrgð á eigin heilsu og vellíðan með hollu matarræði, reglulegri hreyfingu og hæfilegri hvíld.

http://www.samband.is/media/skolamal/Almenn_vidmid_um_skolareglur_grunnskola_2015.pdf

12.3. Umgengni

Skv. skólareglu nr. 3 skulu nemendur ganga vel um skólann og sýna umhverfinu virðingu.

12.4. Stundvísí

Nemendur skulu mæta á réttum tíma í allar kennslustundir.

Nemandi telst seinn ef hann mætir til kennslustundar sem er hafin. Kennslustund er hafin þegar kennari hefur hleypt nemendum inn í kennslustofu.

Ef nemandi mætir í kennslustund eftir að 10 mínútur eru liðnar af kennslustundinni telst nemandinn vera fjarverandi.

Ritari sendir upplýsingar um mætingar heim reglulega með tölvupósti. Foreldrar og nemendur hafa viku til að bregðast við.

Nemendur fá einn punkt fyrir að mæta einu sinni of seint en two punkta fyrir að vera einu sinni fjarverandi.

12.5. Ástundun

Mætingareinkunn verður gefin í heilum og hálfum tölum. Við hvern punkt lækkar mætingareinkunn um 0,1.

- Ef nemandi fer niður fyrir 8 í mætingareinkunn ræðir umsjónarkennari við nemandann.
- Ef nemandi fer niður fyrir 7 í mætingareinkunn hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn.
- Ef nemandi fer niður fyrir 6 í mætingareinkunn vísar umsjónarkennari málinu til nemendabjónustunnar sem boðar foreldra/forráðamenn á fund með umsjónarkennara.
- Ef nemandi fer niður fyrir 5 í mætingareinkunn vísar nemendabjónustan í samráði við umsjónarkennara máli nemandans til skólastjóra/aðstoðarskólastjóra sem boðar foreldra/forráðamenn á fund.

- Ef nemandi fer niður fyrir 4 í mætingareinkunn vísa skólastjórnendur málinu til nemendaverndarráðs og Vesturmíðstöðvar.
- Ef nemandi fer niður fyrir 2 í mætingareinkunn vísa skólastjórnendur málinu til nemendaverndarráðs og barnaverndar.

12.6. Viðurlög við brotum á skólareglum

Við brotum á skólareglum eru viðurlög

Þegar nemandi fer út fyrir ásættanleg mörk í hegðun taka við vel skilgreind viðbrögð og afleiðingar sem í öllum tilvikum beinast að því að nemandi nái aftur stjórn á eigin hegðun og geri áætlun um hvernig hann nái því markmiði. Í öllum tilvikum eru agabrot unnin í samvinnu nemanda, foreldra og starfsmanna skólans.

Stefna skólans er að refsa nemendum ekki með því að svifta þá ótengdum jákvæðum viðburðum eða möguleika til náms á nokkurn hátt.

Engu að síður kann hegðun nemanda að valda því að aðrir nemendur upplifi ótta eða mikla truflun og þá þarf mögulega að takmarka aðgengi hans að viðburðum og jafnvel námi.

Reykjavíkurborg hefur mótað verklagsreglur varðandi **þjónustu við grunnskólanema með fjölpættan vanda** og má sjá [hér](#).

Markmið þessara verklagsreglna er að:

- Benda á ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölpættur.
- Skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

Ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímbundið, sbr. 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og í reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út verklag vegna tímabundinnar brottvísunar úr grunnskóla sem má sjá [hér](#) og byggir Reykjavíkurborg verklag sitt á þeim og er vísað í þær að ofan.

12.7. Skólabragur

Hagaskóli er þátttakandi í Olweusar verkefninu gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Áætlunin byggir á viðamíklum kenningum og áralöngum rannsóknunum Dan Olweusar sem var prófessor og sálfræðingur við háskólann í Bergen. Forvarnir gegn óæskilegum samskiptum og uppbygging á jákvæðum skóla- og bekkjaranda er ríkjandi þáttur í stefnunni.

Innleiðing áætlunarinnar í Hagaskóla hófst haustið 2004 og hefur henni verið fylgt síðan. Frá því í febrúar 2005 hefur árlega verið lögð fyrir nemendur skólans könnun með það að markmiði að greina líðan nemenda og mögulegt einelti. Niðurstöðurnar gefa síðan tilefni til þess að bregðast við því sem betur má fara í skólasamfélaginu.

Olweusar áætlunin byggist á ákveðnum grundvallaratriðum sem miða að því að skapa jákvætt skólaumhverfi og góðan skólabrag sem m.a. einkennist af:

- hlýlegum, jákvæðum áhuga og alúð hinna fullorðnu

- ákveðnum römmum vegna óviðunandi atferlis
- ákveðnum viðurlögum við óviðunandi atferli. Stefnuföst beiting neikvæðra afleiðinga (viðurlaga) sem hvorki eru líkamlegar né óvinveittar, brjóti nemandi gegn þeim reglum sem ákveðnar hafa verið.

Helstu markmið áætlunarinnar eru að draga úr einelti og annarri andfélagslegrí hegðun ásamt því að vekja alla í skolasamfélaginu til vitundar um hvað felst í hugtakinu einelti og sameinast um að hafna því. Til að mögulegt sé að veita viðeigandi fræðslu og eftirfylgni eru ýmsar leiðir farnar, þar á meðal:

- eru árlega lagðar fyrir kannanir um líðan nemenda og stöðu eineltis í skólanum og niðurstöður kynntar fyrir starfsfólk, nemendum og foreldrum.
- taka allir starfsmenn skólans þátt í umræðuhópum sem hafa það að markmiði að fræða starfsfólk um hvað felst í einelti og undirbúa það undir að vinna að markvissum aðgerðum gegn því.
- fá nemendur fræðslu um hvað felst í hugtakinu einelti, eðli þess og birtingarform ásamt því að rætt er um afleiðingar eineltis fyrir þolendur, gerendur og aðra í skolasamfélaginu.
- er áhersla lögð á að eftirlitskerfið innan skólans sé virkt, að nemendur treysti sér að leita til fullorðinna innan skólans og að foreldrar hafi samband ef grunur leikur á að einelti eigi sér stað.
- er áhersla lögð á að nemendur skólans séu meðvitaðir um reglur skólans gegn einelti og að þeir virði þær í orði og verki.

Til þess að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsællega þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum. Nemendur eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og samfélagið. Markmiðið er samkennd og virðing, færni í mannlegum samskiptum og aukinn skilningur.

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við skólann ef grunur leikur á að einelti eigi sér stað eða ef barni líður illa í skólanum.

Ávallt er leitast við að styrkja samkennd og samstarf starfsfólks, nemenda og foreldra. Einnig hefur skólinn þá framtíðarsýn að nýta menningarrætur sínar og halda í heiðri ýmsum hefðum sem hafa unnið sér sess í sögu skólans en um leið skapa nýjar hefðir fyrir komandi kynslóðir. Með markvissum hætti er sífellt reynt að nýta auðinn í grenndarsamfélaginu til að endurnýja og styrkja skólastarfið.

13. Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið

Allar upplýsingar um skólann og skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans þ.m.t. upplýsingar um kynningar á skólastarfinu fyrir nýnema, foreldrafundir og aðrir mikilvægir þættir fyrir skólastarfið auk áætlana.

Skólinn er opinn frá kl. 08:00 -16:00

Skrifstofa skólans er í Ármúla 30 og er opin frá kl. 08:00 – 11:30

Ritari er: Þuríður Hallgrímsdóttir thuridur.hallgrimsdottir@rvkskolar.is

Sími skólans er: 4116767

Netfang skólans er: hagaskoli@rvkskolar.is

Heimasíða skólans er: <http://hagaskoli.is/>

Forfallatilkynningar (veikindi, leyfi): Á skrifstofu skólans í síma 411-6700 eða í gegnum foreldraaðgang í Mentor.

13.1. Bókasafn og upplýsingaver (ekki starfrækt skólaárið 2022-2023)

Bókasafnsfræðingur skólans er: Ívar Ólafsson

13.2. Mötuneyti

Allir nemendur í [grunnskólum borgarinnar](#) hafa aðgang að hádegismat í skólanum og eru um níu af hverjum tíu börnum í mataráskrift. Hún kostar það sama í öllum skólum borgarinnar en ekki þarf að greiða fyrir fleiri en tvö grunnskólabörn frá hverju heimili. Skráningar í mataráskrift í grunnskólam Reykjavíkur eru gerðar í gegnum <https://matur.vala.is/umsokn>

Til að geta skráð nemendur í mataráskrift þarf foreldri/forráðamaður að skrá sig með rafrænum skilríkjum. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu skólans og fá aðstoð við að skrá börnin í mataráskrift.

Mánaðarlegt gjald fyrir hádegismat í skólamötuneytum borgarinnar er samkvæmt ákvörðun borgarráðs hverju sinni og er innheimt níu sinnum á skólaári með jöfnum greiðslum frá september til maíloka. Gjaldið er nú 11.195 kr. á mánuði. Foreldrar geta valið að greiða með greiðsluseðli eða kreditkorti.

Vakin er athygli á því að innheimt er eftir á t.d. er reikningur vegna áskriftar í september gefin út 20. þess mánaðar með gjalddaga þann 1. október og eindaga 1. nóvember.

Ef mataráskrift er hætt þarf að segja henni upp og tekur hún þá gildi frá og með næstu mánaðamótum. Að öðrum kosti er áfram gert ráð fyrir hádegisverði fyrir nemandann og greiðslu.

Matseðlar eru birtir á vef skólans fyrir hverja viku í senn.

Hér má sjá frekari upplýsingar varðandi [mötuneyti í grunnskólum](#).

14. Stoðþjónusta

Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og Aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best. Þeir sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur fá meiri stuðning og námsaðstoð eftir þörfum. Við úthlutun sérkennslu- og stuðningsfulltrúatímum liggja greiningar, skimanir, námsmat og beiðnir umsjónarkennara og foreldra með rökstuðningi til grundvallar.

Hér má sjá reglugerð um [nemendur með sérþarfir í grunnskóla](#) og reglugerð um [sérfraðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum](#).

Í Hagaskóla er starfandi öflug stoð- og sérfraðiþjónusta fyrir nemendur skólans. Skólinn er í samstarfi við Vesturmiðstöð en þar eru m.a. starfandi sálfræðingur, félagsráðgjafi og kennsluráðgjafi sem þjónustar skólann eftir þörfum. Innan stoðþjónustu skólans starfar deildarstjóri, námsráðgjafar, þroskabjálf, sérkennarar og (hjúkrunarfræðingur). Stoðþjónustan leitar allra leiða til að koma til móts við þarfir þeirra nemenda sem þurfa og í góðri samvinnu við foreldra.

14.1. Sjúkrakennsla

Sjúkrakennsla er úrræði sem stundum er nýtt þegar nemandi missir tímabundið úr skólagöngu. Framkvæmd sjúkrakennslu getur verið annaðhvort með heimakennslu eða með kennslu annars staðar en í skóla.

14.2. Stuðningur í stærðfræði í 9. og 10. bekk.

Þrí kennarar vinna í teymi og undirbúa kennslu og kenna tveimur bekkjum í einu í stærðfræði. Á þann veg er komið á móts við ólíkar námsþarfir nemenda inn í bekkjum. Einnig er lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og fjölbreytt námsmat. Sérstök áhersla er lögð á námstækni og eru nemendur eru hvattir til að rækta sterkar hliðar sínar til að styrkja sjálfsmynd sína jákvæðan hátt. Lögð er áhersla á að framkoma við nemendur einkennist af jákvæðu viðmóti og virðingu.

Helstu hlutverk stoðþjónustu skólans er að styðja við nemendur sem þurfa stuðning á einn eða annan hátt. Þessi stuðningur getur verið í ýmsu formi svo sem tilvísanir í greiningar eða til sérfræðinga, viðtöl við nemendur og foreldra og ýmislegt fleira.

Sérstakur stuðningur við nemendur getur verið:

- Einstaklingsáætlunar
- Viðtöl, leiðsögn, ráðgjöf
- Mat og greining á námsfærni
- Sértaetur stuðningur í námi

14.3. Einstaklingsnámskrá/Einstaklingsáætlun

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir nemendur ef þörf þykir á að gera verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og /eða kennsluháttum miðað við það sem öðrum nemendum er boðið. Sérkennari/proskapbjálfi og umsjónarkennrar fara yfir stöðu nemenda og vinna síðan áætlun í samráði við foreldra og nemendur. Einstaklingsnámskrá byggir á aðalnámskrá en felur oft í sér veruleg frávik frá henni og tekur til markmiða, inntaks og leiða fyrir ákveðið tímabil.

14.4. Náms- og starfsráðgjöf

Hlutverk námsráðgjafa er að vera talsmenn nemenda í skólanum, standa vörð um velferð nemenda og leita lausna í málum þeirra. Námsráðgjafar er bundnir þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskylđum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002. Öllum nemendum og foreldrum stendur til boða að leita til námsráðgjafa.

Í Hagaskóla eru starfandi náms- og starfsráðgjafar sem nemendur geta leitað til með málefni sem liggja þeim á hjarta. Námsráðgjöfin er þjónusta fyrir nemendur skólans og er fyllsta trúnaðar gætt.

Helstu hlutverk náms-og starfsráðgjafa eru:

- Persónulegur og félagslegur stuðningur við nemendur
- Ráðgjöf og aðstoð í eineltis- og forvarnarmálum
- Móttaka nýrra nemenda

Nemendur geta leitað til námsráðgjafa með málefni sem tengjast:

- náms- og starfsvali
- námstækni
- vinnubrögðum
- skipulagningu
- einbeitingu
- námserfiðleikum
- prófkvíða

Nemendur geta líka leitað til náms- og starfsráðgjafa með persónuleg málefni t.d. ef:

- þeim líður illa í skólanum eða heima
- þeir eru einmana
- þeim er strítt
- þeir verða fyrir einelti
- þeir finna fyrir kvíða eða depurð
- þeir eiga í erfiðleikum með samskipti við fjölskylduna, kennarana eða bekjkarfélögana

Foreldrar geta einnig leitað til náms- og starfsráðgjafa hafi þeir óskir eða upplýsingar sem þeir vilja koma á framfæri.

Náms- og starfsráðgjafar Hagaskóla eru:

Ingibjörg Pálmadóttir ingibjorg.palmadottir@rvkskolar.is

Margrét Rósa Haraldsdóttir margret.rosa.haraldsdottir@rvkskolar.is

Náms- og starfsráðgjafar eru við alla daga frá 8:30-16:00

14.5. Þjónustumiðstöð

Markmiðið með stofnun þjónustumiðstöðvanna er að gera þjónustu borgarinnar aðgengilegri fyrir íbúa og efla þverfaglegt samstarf sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna og auka þannig lífsgæðin í höfuðborginni. Sú þjónustumiðstöð sem Hagaskóli heyrir undir er Vesturmiðstöð.

<https://reykjavik.is/vesturmidstod>

14.5.1. Sérfræðiþjónusta

Kennrarar vísa nemendum til sálfræðings í samráði við foreldra með formlegri tilvísun. Foreldrar geta þó einnig leitað aðstoðar að eigin frumkvæði. Allar tilvísanir og beiðnir um aðstoð eru kynntar og ræddar á fundum nemendaverndarráðs sem forgangsraðar verkefnum. Rétt er að benda foreldrum á að mikilvægt er að taka mál til meðferðar áður en þau verða of stór.

Sérkennsluráðgjafar sinna ráðgjöf um sérkennslu eða sértæka aðstoð við barn í grunnskóla þar með talið aðstoð við gerð einstaklingsnámskráa. Kennsluráðgjöf felur m.a. í sér ráðgjöf til starfsfólks grunnskóla um kennsluhætti og skólaprórun.

14.5.2. Sálfræðingur

Sálfræðingur Hagaskóla er Valerija Bibic hjá Vesturmiðstöð. Beiðnir um aðkomu sálfræðings eru teknar fyrir á fundum nemendaverndarráðs.

14.5.3. Þroskaþjálfí

Drífa Skúladóttir drifa.skuladottir@rvkskolar.is er þroskaþjálfí skólans og er við alla daga frá 08:30-16:00.

14.6. Skólaheilsugæsla/viðvera hjúkrunarfræðings

Skólaheilsugæslan er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið skólaheilsugæslu er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í nánni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi skólaheilsugæslunnar er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Helstu áherslur í skólaheilsugæslu eru fræðsla, heilsuefling, bólusetningar, skimanir og skoðanir, umönnun veikra og slasaðra barna, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldan þeirra og starfsfólks skólans.

Á þroska- og hegðunarstöð er starfrækt skólasvið sem hefur það hlutverk að þróa, leiða og samræma heilsuvernd skólabarna í samráði við heilbrigðisyfivöld og heilsugæsluna á landsvísu.

Hagaskóli er því miður án hjúkrunarfræðings eins og staðan er nú en hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið: hagaskoli@heilsugaeslan.is

15. Sérúrræði

Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best. Þeir sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur fá meiri stuðning og námsaðstoð eftir þörfum. Við úthlutun sérkennslu- og stuðningsfulltrúatímum liggja greiningar, skimanir, námsmat og beiðnir umsjónarkennara og foreldra með rökstuðningi til grundvallar.

Sjá nánar:

- Skóli án aðgreiningar upplýsingar, [smellið hér](#).
- Stefna í grunnskólum Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar, [smellið hér](#).

Hér má sjá gátlista og viðmið vegna starfsreglna og áætlana sem reglugerðir með lögum um grunnskóla kveða á um að skólar beri ábyrgð á, [smellið hér](#).

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, [smellið hér](#).

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendarverndarráð í grunnskólum, [smellið hér](#).

15.1. Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu

<http://hagaskoli.is/studningur-2-2/heildaraetlun/>

15.2. Nemendarverndarráð

Nemendarverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Í ráðinu sitja skólastjórnendur, námsráðgjafar og sálfræðingur skólans. Aðrir aðilar s.s. fulltrúi frá barnaverndaryfirvöldum, félagsráðgjafi, þroskaþjálfi og kennarar taka þátt í starfi nemendarverndarráðs þegar tilefni er til.

15.2.1. Hlutverk

Nemendarverndarráð starfar í skólanum samkvæmt reglugerð um nemendarverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendarverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Upplýsingar um aðila í nemendarverndarráði má finna á heimasiðu skólans. Reglugerð um nemendarverndarráð <https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/allar/nr/388-1996>

15.2.2. Starfsreglur

Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendarverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur. Má gera það með tölvupósti eða bréflega.

Fulltrúar nemendarverndarráðs geta fundað með óformlegum hætti til að ræða um hvort taka skuli einstaka mál fyrir formlega. Telji nefndarmenn ástæðu til að fjalla á formlegan hátt um einstaka mál skal vísa málínun til ráðsins eftir þeim verklagsreglum sem að framan eru taldar.

Að öðru leyti vísast í [lög og reglugerðir](#) sem snerta starfsemi nemendarverndarráðs.

Í nemendaverndarráði Hagskóla sitja jafnan aðstoðarskólastjóri(ar), deildarstjóri nemendaþjónustu, námsráðgjafar og fulltrúar frá Vesturmiðstöð. Nemendaverndarráð fjallar um einstaklingsmál nemenda með samþykti foreldra, sérstök úrræði og gerir nauðsynlegar ráðstafanir þegar við á. Ráðið fundar vikulega eða á tveggja vikna fresti í skólanum

15.3. Tilfærsluáætlun

Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um [nemendur með sérþarfir í grunnskóla](#) er gert ráð fyrir að kennrar og aðrir fagaðilar, ásamt nemendum og foreldrum/forsjáraðilum þeirra taki þátt í tilfærsluáætlun er miðla upplýsingum um skólagöngu nemenda, núverandi aðstæður, stöðu og áform þeirra um frekara nám á milli skólastiga. Tryggt er að nemendur með sérþarfir fái aðstoð í skólanum við val á framhaldsskóla og kynningar á þeim tækifærum sem standa til boða í framhaldsnámi.

http://eldri.reykjavik.is/portadata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skyrslur/Gatlistar.pdf

Tilfærsluáætlanir eru einstaklingsmiðaðar og því geta þær verið mismunandi að gerð og umfangi. Náms- og starfsráðgjafar bera ábyrgð á gerð þeirra. Aðrir aðilar sem koma að gerð tilfærsluáætlunar eru aðrir aðilar í skólanum sem hafa komið að námi og kennslu nemandans til að mynda umsjónarkennari, sérkennari eða aðrir sérfræðingar. Tryggt er að nemendur með sérþarfir fái aðstoð í skólanum við val á framhaldsskóla og kynningar á þeim tækifærum sem standa til boða í framhaldsnámi

16. Tómstundarstarf

16.1. Á vegum skóla

Félagsstarf nemenda er unnið í miklu samstarfi við Félagsmiðstöðina Frostu og starfsmenn hennar. Þar eru starfræktir klúbbar sem henta áhugasviðum nemenda hverju sinni, auk þess sem þar er hægt að fara á opið hús reglulega, spilavöld o.s.frv.

16.2. Á vegum aðila utan skóla

Fjölmargir aðilar bjóða upp á tómstundastarf utan skóla í Vesturbænum. Íþróttafélagið KR, skátarnir, ungmannastarf Neskirku og fleiri aðilar bjóða upp á öflugt starf fyrir nemendur.

17. Ýmsar áætlanir og reglur

17.1. Útgefið efni skóla- og frístundasvið

Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs má finna ýmsar upplýsingar um skólastarf í Reykjavík, [smellið hér](#) og einnig má finna [útgefið efni](#) skóla- og frístundasviðs.

[Vinsamlegt samfélag](#) er verkefni sem varð til við sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í eitt svið; skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Með vinsamlegu samfélagi er átt við samfélag þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð.

17.2. Eineltisáætlun

Hér má finna stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur í eineltismálum auk ítarefnis, smellið hér.

<https://reykjavik.is/gatlisti-vegna-eineltis>

Áætlun gegn einelti

17.3. Símenntunaráætlun

Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga frá 2008 á hver skóli að frumkvæði skólastjóra að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennrar og skólastjórar grunnskóla eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína en símenntun starfsmanna

telst öll formleg fræðsla eins og nám, námskeið, fræðsluerindi og fræðslufundir. Einnig telst óformleg fræðsla eins og vettvangsferðir, handleiðsla, kynningar á kennarafundum, heimsóknir í kennslustundir hjá samkennurum og skipulagðir leshringir til símenntunar.

Í kjarasamningi kennarar frá 2019 segir m.a. um starfsþróun og starfsþróunaráætlun í kafla 13:/

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 (126/102) klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 150 (126/102) klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í two meginþætti:

Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hverjum skóla er skyld að gera starfsþróunaráætlun sem nær að lágmarki til næsta skólaárs og skulu drög að henni kynnt kennurum í síðasta lagi **1. janúar** ár hvert vegna næsta skólaárs.

Ákvörðun um símenntun Hagskóla byggir á stefnu skólans, áherslum hans og skólastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmenn gera skólastjóra grein fyrir þeim símenntunarþáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og bæta þekkingu sína. Skólastjóri greinir starfsmanni frá þeim markmiðum sem hann vill að starfsmaðurinn nái. Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlunin sé ávallt í endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni.

Starfsmenn eru hvattir til þátttöku í fræðslu og námskeiðum. Starfsmenn skrá sjálfir menntun sína á þar til gert eyðublað og skila til skólastjóra að vori. Farið er yfir símenntunaráætlunina með starfsfólkí að hausti. Samkvæmt símenntunaráætlun skóla ber starfsmönnum að sækja þau námskeið sem þeim er ætlað að fara á enda sé hún gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamnings.

Helstu áherslur í símenntunaráætlun Hagaskóla 2020 – 2021 er áframhaldandi innleiðing nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar og kennsla í árgangateymum.

17.4. Rýmingaráætlun

Öryggisnefndin hefur umsjón með því að áhættumat sé framkvæmt innan skólans og að öryggismál séu í lagi. Öryggisnefndin sér einnig til þess að rýmingaráætlun sé til staðar og að rýming húsnæðis sé æfð a.m.k. einu sinni á hverju skólaári.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ELDSVOÐA EÐA HÆTTUÁSTANDI:

Þegar brunakerfið fer í gang fara nemendur í röð í stofunni og kennari tekur nafnalista til. Umsjónarmaður og/eða skólastjórnandi athugar hvaðan boðið kemur og bregst við. Ef um falsboð er að ræða er slökkt á kerfinu.

Ef um bruna eða hættuástand er að ræða ber að rýma skólann samkvæmt rýmingaráætlun:

- Kennari athugar hvort flóttaleiðin sé greiðfær, tekur nafnalista og fylgir nemendum út á söfnunarsvæði.
- Á söfnunarsvæðinu fara hóparnir á sitt svæði og kennari tekur manntal og gengur úr skugga um að allir séu komnir.
- Ef allir eru komnir þá gefur kennari það til kynna með grænu spjaldi en ef það vantar nemanda í hópinn gefur kennari það til kynna með rauðu spjaldi.
- Skólastjörnendur og umsjónarmaður ganga úr skugga um að byggingin hafi verið rýmd.

Öryggisnefnd ber ábyrgð á því að brunaæfing sé framkvæmd árlega.

Rýmingaráætlun nov20 (Ný áætlun í vinnslu)

17.5. Viðbraðgðsáætlun Almannavarna

Viðbragðsáætlanir Almannavarna gegn ýmiss konar vá eins og t.d. jarðskjálfum, eldsumbrotum og inflúensu má finna á [smellið hér](#).

17.6. Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfí

Reglurnar gilda um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfí Reykjavíkurborgar. Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfí, [smellið hér](#).

17.7. Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa

Allir nemendur skólangs eru slysatryggðir en persónulegir munir nemenda eru ekki tryggðir. Það er því nauðsynlegt að brýna fyrir nemendum að skilja ekki verðmæti eftir þar sem ekki er hægt að hafa eftirlit með þeim. Ef nemandi veldur vísvitandi skemmdum á eigin skólangs eða þeirra sem þar starfa er hann bótaskyldur. Sjá reglur Skóla- og frístundaviðs um endurgreiðslur vegna slysa og tjóna er nemendur verða fyrir á skólatíma á vef Reykjavíkurborgar

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_svida/reglur_um_endurgreidslu_kostnadar_ve_gna_slysa_og_tjona.pdf

17.8. Þróunarverkefni

Í Hagaskóla er öflugt og fjölbreytt þróunarstarf og í skólanámskrá er nánari lýsing á innihaldi þessara verkefna.

- Teymisvinna í öllum árgögum
- Réttindaskóli UNESCO
- Vinátta, virðing og jafnrétti
- Læsi
- Vellíðan
- Gróska

17.9. Umbótaáætlun

Í Hagaskóla er unnið skv. umbótaáætlun sem varð til í kjölfar bókunar 1 í kjarasamningi kennara 2016. Markvisst er unnið að því að bæta vinnuaðstöðu og starfsskilyrði kennara og nemenda.

17.10. Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri ([vantar tengil](#))

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur verið falið af sveitarfélögunum á svæðinu að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar ef á þarf að halda, eftir atvikum í samráði við lögreglu og fræðsluyfirvöld.

17.11. Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál

[Móttökuáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku](#)

17.12. Fjölmenningarstefna skóla- og frístundasviðs

[Heimurinn er hér](#) – Stefna skóla- og frístundasviðs

17.13. Læsisstefna

Sjá vef skólangs <http://hagaskoli.is/læsisstefna-hagaskola/>

17.14. Sjálfsmatsáætlun

Er í vinnslu

17.15. Starfsmannahandbók

Verið er að uppfæra nýja starfsmannahandbók

17.16. Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur

Framkvæmd að hluta til sú sama og þegar tekið er á móti erlendum nemendum. Áætlun í vinnslu.

17.17. Jafnréttisáætlun (**þarfast endurskoðunar**)

[2020_jafnréttisáætlun_Hagaskóla](#)

17.18. Forvarnastefna

[Forvarnarstefna Hagaskóla 2020-2021](#)

Hér má skoða forvarnastefnu Reykjavíkurborgar, [smellið hér.](#)

17.19. Áfallaáætlun (**þarf að uppfæra upplýsingar á heimasíðu**)

Sjá heimasíðu skólans: <https://hagaskoli.is/wp-content/uploads/2021/11/Afallaaaetlun-1.pdf>

17.20. Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum

Handbókin er unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða nr. 657/2009. Í reglugerðinni segir að sveitarstjórn skuli útbúa handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í grunnskólum: <https://mms.is/handbok-um-velferd-og-oryggi-barna-i-grunnskolum-0>